

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Ellý Katrín Guðmundsdóttir
Borgarritari
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni:

***Viðbót við svar dags. 18. desember 2014 við
bréfi frá 27. október 2014. Tilvísun
R14080018***

Eins og boðað var í svarbréfi dags. 18. desember 2014 við ósk um upplýsingar um hvað þurfi til að lágmarki til að styrkja hlutverk Innri endurskoðunar til samræmis við tillögur starfshóps um umsjón með úrvinnslu upplýsinga, ábendinga og athugasemda úttektarnefndar borgarstjórnar. var óskað eftir álit Deloitte á málinu. Annars vegar var Deloitte beðið að gefa rökstutt álit á því hvert umfang Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar þurfi að lágmarki að vera hjá Reykjavíkurborg miðað við núverandi starfsramma auk þeirrar viðbótar sem ábendingar úttektarnefndar krefjast. Hins vegar að Deloitte gefi rökstutt álit á því hvert æskilegt umfang Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar ætti að vera.

Deloitte skilaði meðfylgjandi álit sínu sem lagt var fyrir endurskoðunarnefnd 18. febrúar til samræmis við hlutverk nefndarinnar að leggja mat á gæði og skilvirkni Innri endurskoðunar, m.a. með tillögum varðandi fjárhag. Endurskoðunarnefnd fjallaði um málið og samþykkti á fundi sínum 18. mars að senda undirrituðum meðfylgjandi bréf.

Deloitte byggir á þeirri forsendu að 60% af heildarráðstöfunartíma Innri endurskoðunar fari í föst verkefni deildarinnar auk ófyrirséðra verkefna frá borgarráði, borgarstjóra og stjórnendum. Þetta byggir á forsendum frá innri endurskoðun Reykjavíkurborgar þar sem markmið eru sett um 60% tímanýtingu deildarinnar í heild sinni. Stuðst er við upplýsingar úr ársreikningum um tekjur og gjöld auk upplýsinga um starfsmannafjölda fyrir viðkomandi endurskoðunarlega einingu (Endurskoðunarlegar einingar eru öll fagsvið aðalsjóðs, skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu, sameiginlegur kostnaður, eignasjóður, bílastæðasjóður og félag sem Reykjavíkurborg á helmingshlut í eða meira (B-hlutafélag)). Deloitte tekur fram að Innri endurskoðun geti stuðst við þessa aðferðafræði að hluta til en forgangsraðað enn frekar með áhættumati hvaða starfseiningar eða verkefni þeirra séu skoðuð á hverju ári. Þannig væri hægt að skoða allar starfseiningar viðkomandi endurskoðunarlegrar einingar árlega eða einungis úrtak starfseininga þar sem fjöldi þeirra er mjög mikill yfir 5 ára tímabil. Vakin skal athygli á því að Deloitte miðar við að áfram verði starfandi innri endurskoðunardeild hjá Orkuveitu Reykjavíkur sef. en að Innri endurskoðun hafi eftirlit með gæðum starfsemi þeirrar einingar og þar með ákveðna aðkomu varðandi gerð endurskoðunaráætlunar og upplýsingaöflun í samræmi við ábyrgð A hluta á starfsemi Orkuveitunnar.

Niðurstaða Deloitte er að miðað við framangreindar forsendur og breytingu á skipulagi úttekta og verkefna sé eðlilegt árlegt umfang Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar, að teknu tilliti til tillagna starfshóps um umsjón með úrvinnslu upplýsinga, ábendinga og athugasemda úttektarnefndar borgarstjórnar um stjórnkerfi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar á bilinu 12.200 til 16.600 klukkustundir í nýtingu á ári miðað við 60% tímanýtingu í fyrirséð og ófyrirséð verkefni. Samkvæmt þessu þarf fjöldi starfsmanna í innri endurskoðunardeild Reykjavíkurborgar ásamt keyptum viðbótartímum utanaðkomandi sérfræðinga að vera á bilinu 11-15 ársverk að lágmarki.

Í fyrrnefndu bréfi endurskoðunarnefndar til undirritaðs kemur fram að nefndin hafi kynnt sér minnisblað Deloitte og er niðurstaða nefndarinnar sú að miðað við þær forsendur sem liggja til grundvallar minnisblaðinu megi fallast á að Innri endurskoðun þurfi að lágmarki 11 ársverk til þess að sinna hlutverki sínu gagnvart einingum innan samstæðu Reykjavíkurborgar.

Undirritaður tekur undir faglegt mat Deloitte og endurskoðunarnefndar að auka þurfi umfang Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar þannig að nýtanlegir tímar til úttekta og verkefna verði að lágmarki 12.200.

með kveðju

Hallur Símonarson

innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar